

Mál nr. 98/2011
M
og
vátryggingafélagið X v/ málskostnaðartryggingar.

Ágreiningur um hvort tvö dómsmál varði vátryggðan sem eiganda fasteignar.

Gögn.

52. Málskot, móttengið 4.3.2011, ásamt fylgigögnum.

53. Bréf X, dags. 21.3.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness, uppkveðnum 19.2.2010, var máli fyrirtækisins U á hendur M vísað frá dómi þar sem U tókst ekki að setja tryggingu að tiltekinni fjárhæð fyrir greiðslu málskostnaðar gagnvart M. Mál þetta var höfðað af U til greiðslu reiknings að fjárhæð 465.565 krónur auk vaxta og kostnaðar úr hendi M. Í stefnu segir að U sé málningarverktaki sem hafi annast málningarvinnu fyrir M og téður reikningur sé fyrir þá vinnu auk efnis.

Þann 21.4.2010 var M fyrir áðurnefndum dómstóli sýknuð af kröfu raflagnaverktakans R vegna aðildarskorts, en mál þetta höfðaði R til greiðslu reiknings að fjárhæð 933.027 krónur auk vaxta og kostnaðar. Í stefnu er kröfunni nánar lýst á þann veg að R hafi annast raflagnavinnu fyrir M í húseign hennar að K, og reikningurinn sé fyrir þá vinnu auk efnis. Upplýst var í málinu að M hafi samið við annan aðila en R um að annast framkvæmdir við byggingu húseignarinnar frá fokheldisstigi uns það var tilbúið undir tréverk og í þeim samningi hefði raflagnavinna og málning verið innifalin. Var sýknudómurinn á því byggður að ósannað væri að samningur hafi komist á milli þeirra R og M um verk það sem reikningurinn byggðist á.

M hefur málskostnaðartryggingu í fjölskyldutryggingu sinni hjá vátryggingafélaginu X. Hefur M krafist að fá lögmannskostnað sinn vegna dómsmála þeirra sem að ofan greinir greiddan úr málskostnaðartryggingunni. X hefur hafnað greiðsluskyldu með vísan til undanþáguákvæðis í gr. 25.9 í vátryggingarskilmálunum um að vátryggingin greiði ekki málskostnað vegna máls er varðar vátryggðan sem eiganda fasteignar.

Álit.

Í fyrrgreinda dómsmálinu og gögnum sem það varða er þess að vísu hvergi getið hver hafi beinlínis verið tilurð þess reiknings sem var tilefni dómsmálsins. Ekkert liggur heldur fyrir um það hvar sú vinna var unnin sem krafist er greiðslu á samkvæmt reikningnum. Af málatilbúnaði M og gögnum málsins að öðru leyti þykir þó mega slá föstu að reikningurinn stafi af vinnu U við húsbyggingu K og kröfunni hafi því verið beint að M sem húsbyggjanda og eiganda K. Hvað síðargreinda málið varðar fer ekki á milli mála að kröfu þeirri sem þar var til úrlausnar var beint að M sem húsbyggjanda og eiganda K. Kröfur sem hafðar voru uppi í báðum dómsmálunum vörðuðu því M sem eiganda K. Undanþáguákvæði það sem X hefur borið fyrir sig á því við um kröfu M um að fá lögmannskostnað sinn greiddan úr málskostnaðartryggingunni. Af því leiðir að greiðsluskylda úr vátryggingunni er ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi úr málskostnaðartryggingu M hjá X.

Reykjavík, 19. apríl 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.